

einnig að endurgjalda gagnáfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, er virðist hæfilega metinn 30 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Undirrjettardómnum í máli þessu skal óraskað.

Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði aðaláfrýjandinn, Kristinn bóndi Magnússon, gagnáfrýjandanum, kaupmanni H. Th. A. Thomsen, 30 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 30. janúarmán.

Nr. 28/1881

Hið opinbera

gegn

Jóhanni gestgjafa Veðholm

Dómur:

Með eigin játningu hins kærða Jóhanns Veðólms, gestgjafa á Ísafirði, er það löglega sannað, að hann sunnudaginn 4. septembermán. f. á., kl. 9 $\frac{1}{2}$ —10 um kvöldið, hafi veitt nokkrum norskum síldarveiðarmönnum áfenga drykki, og fyrir þetta er honum með dómi, kveðnum upp fyrir lögreglurjetti Ísafjardarkaupstaður 13. s. m. gjörð 10 kr. sekt til fátækra sjóðs nefnds kaupstaðar, en þeim dómi er eptir ósk hins kærða áfrýjað til yfirdómsins.

Þetta brot hins kærða sem með amtsúrskurði 24. maí 1880 hefur verið sektaður um 4 kr. fyrir samskonar lagabrot, er af undirdómaranum rjettilega heimfært undir tilskip. 28. marz 1855, 4. og 10. gr. sbr. opið brjef 26. septbr. 1860, því þar sem svo er komizt að orði í síðar nefndu lagaboði, að þau störf, skemmtanir og

önnur fyrirtæki, sem eptir tjeðri tilskipun eru eigi leyfileg á sunnu-og helgidögum fyrri en eptir mið-aptan, megi heldur eigi fram fara hinn tímann, sem eptir er *til kvölds* á þessum dögum, þá verður eptir sambandinu og tildrögum lagaboðsins að skilja þessa ákvörðun svo, að um getin störf, skemmtanir o. sv. frv. sjeu bönnuð allan daginn, þ. e. til miðnættis.

Fyrir því ber að staðfesta undirdóminn, en þó þannig, að sektin sje færð niður í 5 krónur. Svo ber hinum kærða og að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar á meðal málsfærlulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, sem virðast hæfilega metnar 10 kr. til hvors.

Jafnframt því að geta þess, að málið hjá hjer- aðsdómaranum er mjög óvandað, vottast, að meðferð sakarinnar í hjerði hefur verið vítalaus, og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Undirdómurinn á óraskaður að standa, þó þannig, að hin ákveðna sekt færist niður í 5 krónur. Hinum kærða Jóhanni Veðholm ber að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málflutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málflutningsmannanna Páls Melsteðs og Þorsteins Jónssonar, 10 krónur til hvors.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.